

# Fríð búið

SÁLIN átti vinsælustu breiðskífu jólanna 1989 og var áberandi vel fram á árið á eftir. Síðan tók sveitin sé hlé, „til að þreyta ekki markaðinn“, eins og sveitarmenn sögðu sjálfir. Nú er Sálin hins vegar komi á skrið aftur. Sveitarmenn eru í hljóðveri um þessar mundir að taka upp lög, sem meðal annars verða á Bandalögum 4, sem kemur út í næsta mánuði, og undirbúa af kappi tónleika 30. þ.m. í Lídó.

**M**annabreytingar hafa orðið í sveitinni; Atli Örvarsson og Birgir Baldursson hafa bæst í hópinn, en Magnús Stefánsson hætti. Guðmundur Jónsson, gítarleikari og helsti laga-smiður sveitarinnar, sagði tónlistina ekki hafa breyst



**Sálin** Soul/fönk áhrif.

að ráði í fríinu langa, en nýju mennirnir hefðu sjálf-sagt einhver áhrif. „Það er helst að merkja megí soul/f-önk áhrif, sem ráðast sjálf-sagt af meiri blásturhljóð-færum, en við stefnum líka í eilítið hardara rokk. Á Bandalögum 4 verðum við með tvö lög og annað þeirra er mjög soulskotið.“

Guðmundur sagði að upphaflega hefði staðið til að gera breiðskífu, enda hann búinn að gera 20 prufur af jafn mörgum lögum, en sitt-hvað hefði orðið til þess að fresta breiðskífu fram á

haust. Í þessari lotu tekur sveitin upp fimm lög og svo restina síðar í sumar.

Guðmundur sagði að samstarf innan kjarna sveitarinnar hefði styrkst og meðal annars myndi Jens Hansson eiga tvö lög á væntanlegri breiðskífu og Friðrik tvo texta.

„Nú standa yfir þrotlausar æfingar fyrir Lídó-tónleikana, en við ætlum líka að spila eitthvað með upptökum í sumar,“ sagði Guðmundur, „og svo stórtónleika í haust, þegar platan er klár.“

# SÁLIN

HANS JÓNS MINS

Fyrstu tónleikar ársins  
fimmtudagskvöldð  
30. maí

Gestahljómsveit  
**Fríða sársauki**

Húsið opnað  
kl. 21.00

# LÍDÓ